

**Félagið Ísland-Palestína**  
**Depluhólar 9**  
**111 Reykjavík**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1911*  
*komudagur 8.3.2013*

Reykjavík 8. mars 2013

Kristján Möller  
formaður Atvinnuveganefndar  
Alþingi

**V. þingsályktunartill. v merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu**

Félagið Ísland-Palestína lýsir yfir eindregnum stuðningi við framkomna ályktunartillögu frá Árna Þór Sigurðssyni og fleirum um **merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu og fríverslunarsamning EFTA við Palestínu.**

Neytendur eiga kröfu á því að geta séð hvaðan sú vara er sem þeir kunna að vilja festa kaup á. Fjölmargir geta ekki hugsað sér að stuðla að landráni Ísraels með því kaupa vörur eða eiga önnur viðskipti við aðila sem byggja tilvist sína á ólöglegri landtöku.

Þá vill félagið taka undir nauðsyn þess að gera Palestínumönnum kleift að nýta sér kosti fríverslunarsamnings EFTA og Palestínu. Hernámið stendur í vegi fyrir því.

Ríkisstjórnir og hernámslið Ísraels hafa með framferði sínu gagnvart Palestínumönnum um áratuga skeið eyðilagt möguleika þeirra til landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og annarrar sjálfsbjargar og fyrst og síðast komið í veg fyrir eðlileg viðskipti, bæði innanlands og utan.

Herkvíin um Gaza og aðskilnaðarmúrinn á Vesturbakkinn sem er einnig hluti af landráninu eru sýnileg tákni þessa ástands. Sérvegir fyrir Ísraelsmenn á landi sem klýfur land Palestínumanna, varðstöðvar sem loka vegum og fjölmargar hindranir á ferða- og viðskiptafrelsi eru daglegt brauð. Gegn þessu hljóta íslensk stjórnvöld að beita sér með öllum ráðum, fyrir því að endi verði bundinn á hernámið og fyrir réttlæti og friði á svæðinu.

Félagið vill að öðru leyti vísa til ágætrar greinagerðar frá utanríkisráðuneytinu varðandi þetta mál sem dagsett er 6. desember 2012.

Virðingarfyllst

Sveinn Rúnar Hauksson  
formaður Félagsins Ísland-Palestína